

Dags. 19.03.2019
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0095
0.5.2

Veðurstofa Íslands fagnar drögum þessum að frumvarpi til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum.

Veðurstofan vill þó koma eftirfarandi á framfæri:

Í 2. gr. segir að lögin gildi um allar rannsóknir og fræðastörf hér á landi. Rétt væri að undirstrika að hér undir fellur gagnasöfnun til rannsókna.

Þá skal tekið undir það álit sem fram kemur í 6. kafla greinargerðarinnar um doktorsnema og nýrannsakendur (nýdoktora) sem viðkvæman hóp sem oft er í erfiðri stöðu. Því er lagt til að að síðasta málsgrein 2. gr. hljóði svo: *Rannsóknir doktorsnema og nýrannsakenda heyra undir gildissvið laganna.*

Loks er í 6. gr. m.a. talað um að nefnd um heiðarlega starfshætti í vísindum skuli m.a. hafa eftirlit með því að siðferðisleg viðmið séu í heiðri höfð í vísindasamfélaginu. Með öllu virðist óljóst hvernig nefndin á að geta sinnt þessu eftirlitshlutverki sínu.

Virðingarfyllt,



Arni Snorrason
forstjóri VÍ